

Sp.

694. Tillaga til þingsályktunar

[362. mál]

um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna.

Flm.: Kristín Einarsdóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Margrét Frímansdóttir, Guðmundur G. Þórarinnsson, Ingibjörg Daníelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra í samráði við Jafnréttisráð að móta og leggja fyrir Alþingi tillögur um sérstakar tímabundnar aðgerðir til að bæta stöðu kvenna þannig að koma megi sem fyrst á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, sbr. 3. gr. laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Greinargerð.

Þriðja grein laga nr. 65/1985, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er svohljóðandi:

„Hvers kyns mismunun eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstaklega tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunun að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar og barnsburðar.“

Þessa grein má telja eina merkustu viðbót við lög um jafnrétti kvenna og karla sem fyrst voru sett árið 1976. Enn sem komið er hefur verið gripið til neinna „sérstakra tímabundinna aðgerða“ til að bæta stöðu kvenna. Því er fyllilega tímabært að mótaðar verði tillögur um slíkar aðgerðir ekki síst í ljósi þess hve seint og illa miðar að að koma á jafnstöðu kynjanna eftir þeim leiðum sem hingað til hafa verið farnar.

Svipuð ákvæði eru í löggjöf hinna Norðurlandþjóðanna og víðar í Evrópu svo og í Bandaríkjunum og hefur verið gripið til séraðgerða til að bæta stöðu kvenna. Ýmsar alþjóðastofnanir og samtök hafa einnig gripið til slíkra aðgerða innan sinna vébanda og má þar nefna Alþjóðavinnuálagssambandið og Sameinuðu þjóðirnar. Liður í undirbúningi að mótun tillagna um séraðgerðir til að bæta stöðu kvenna hérlendis er að afla vitneskju um aðgerðir annars staðar og reynsluna af þeim.

Atriði, sem hljóta að koma til athugunar í þessu sambandi, eru meðal annarra:

- Aðgerðir til að hækka laun í hefðbundnum kvennastörfum miðað við laun í hefðbundnum karlastörfum.
- Aðgerðir sem koma í veg fyrir launaskrið og þar með hækkun til þeirra sem hærri laun hafa þó að lægstu laun hækki.
- Tímabundinn forgangur kvenna við stöðuveitingar á vegum hins opinbera.
- Hvernig auka má hlut kvenna í ráðum og nefndum hjá opinberum aðilum.
- Ráðgjöf, námskeið og fjárstuðningur við konur vegna endurmenntunar og atvinnuþátttöku.

Hér eru aðeins talin nokkur atriði en mörg fleiri hljóta að koma upp þegar farið er að kynna sér aðgerðir annarra þjóða.

Vel getur komið til greina að stofna opinberan sjóð til að standa undir kostnaði og styrkjum við séraðgerðir til að jafna stöðu kvenna jafnframt því sem veitt yrði til þess fé á fjárlögum hverju sinni. Eðlilegt verður að telja að haft sé samráð við aðila vinnumarkaðarins þegar þessar tillögur eru mótaðar þar sem þær koma sérstaklega við þá og samninga milli þeirra.

Rétt er að minna á aðild Íslands að alþjóðasamningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum sem samþykktur var af Alþingi 13. júní 1985 og staðfestur af ríkisstjórninni 18. júní 1985. Í 4. gr. hans er m.a. kveðið á um „... sérstakar bráðabirgðaráráðstafanir sem

miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist . . .“ Ísland hefur tekið á sig margháttáðar skuldbindingar með aðild sinni að þessum samningi. Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu er ýtt á eftir því að tekið verði á þessum málum.